



Hægir á aukningu kortaveltu í krónum talið - meðalkortavelta í erlendum gjaldmiðlum í sögulegu hámarki

Heildarkortavelta erlendra ferðamanna nam 21,1 ma.kr. í maí og jókst um 1,3 ma.kr., eða 6,4%, miðað við sama mánuð í fyrra samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands.¹ Þetta er töluvert minni vöxtur en verið hefur á síðustu árum, en fara þarf aftur til desember árið 2010 til að finna lægri vöxt (2,7%) í krónum talið, mælt á verðlagi hvers árs.

Erlendir ferðamenn í maí á þessu ári voru um 24% fleiri en á sama tíma í fyrra. Meðalkortaútgjöld þeirra í krónum talið drógust því töluvert saman milli ára.


Helmingsaukning kortaveltu í erlendum gjaldeyri fyrstu 5 mánuði ársins

Minni vöxt kortaveltu ferðamanna í krónum talið má fyrst og fremst rekja til þeirrar styrkingar sem orðið hefur á krónunni undanfarna 12 mánuði.


Þróun veltunnar mælt á föstu gengi gefur betri mynd af eyðslu ferðamanna í þeirra heimagjaldmiðlum og gjaldeyristekjum þjóðarbúsins af ferðapjónustu. Á þann mælikvarða jókst heildargreiðslukortavelta ferðamanna um 31% í maí miðað við sama tíma í fyrra. Fyrstu 5 mánuði ársins nam aukningin rúmlega 50%.

Meðalneysla ferðamanna í sögulegu hámarki í erlendum gjaldeyri, en hún dregst saman í krónum

Meðalútgjöld erlendra ferðamanna í maí voru um 144 þúsund krónur á mann en á sama tíma í fyrra námu meðalútgjöld þeirra um 160 þúsund krónum á mann. Við fyrstu sýn lítur út fyrir að útgjöld ferðamanna séu að dragast saman milli ára en á verðlagi hvers árs lækkuðu meðalútgjöld þeirra um 10% milli ára en um 7% að teknu tilliti til verðlags (vísitala neysluverðs án húsnæðiskostnaðar lækkaði um 2,5% milli ára). Séu meðalútgjöldin hins vegar



Mánaðargögn á föstu meðalgengi maí 2017
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild



Mánaðarleg gögn, velta í krónum
Heimild: Seðlabanki Íslands, RSV

¹ Samkvæmt tölum Rannsóknarseturs verslunarinnar var vöxturinn heldur meiri, eða 7,1%.



mæld í erlendum gjaldeyri snýst myndin við og í ljós kemur að gjaldeyrisútgjöld erlendra ferðamanna jukust í raun um 18% milli ára og hafa í raun aldrei mælst meiri. Mismunurinn skýrist augljóslega af styrkingu krónunnar milli ára en meðalgengi hennar lækkaði um 19% milli ára.

Krónutöluútgjöld dragast saman í verslun og bílaleigu

Tölur Rannsóknarseturs verslunarinnar um kortanotkun erlendra ferðamanna niður á útgjaldaliði og þjóðerni ná aftur til ársins 2012.


Þrátt fyrir að kortaveltan hafi aukist í heild sinni í krónum talið frá maí í fyrra hafa útgjöld ferðamanna til einstakra útgjaldaliða í sumum tilfellum dregist saman en það hefur verið mjög fátíð þróun síðustu ár.

Heildarkortavelta erlendra ferðamanna í verslun dróst saman um 4,7% í krónum talið í maí frá sama tímabili í fyrra en ekki hefur áður mælst samdráttur í þessum lið á tímabilinu sem gögnin ná yfir. Leiðrétt fyrir verðlagi var raunsamdrátturinn talsvert minni, eða rúm 2%. Samdráttur mældist í allri verslun utan dagvöru en þar mældist 12,8% aukning. Samdrátturinn var hlutfallslega mestur í gjafa- og minjagripaverslun (-18,9%), næstmestur í annarri verslun (-10,9%) en næst komu tollfrjáls verslun (-7,4%) og fataverslun (-5,9%). Ekki hefur áður mælst samdráttur í tollfrjálsri verslun á tímabilinu og samdráttur í gjafa- og minjagripaverslun hefur ekki mælst síðan í nóvember 2013. Maí var fjórði mánuðurinn í röð þar sem samdráttur mælist í annarri verslun á 12 mánaða grundvelli. Samdrátturinn nú í maí var hins vegar mun meiri en í febrúar-apríl en þá lá hann á bilinu 0,1-3,8%.


Útgjöld til bílaleiga dragast saman í fyrsta skipti

Útgjöld til annars stórs kostnaðarliðar drógust einnig saman í maí í fyrsta skiptið á tímabilinu en útgjöld til bílaleiga drógust saman um 0,6% í krónum. Útgjöld í söfn, gallerí og dýragarða, eins og liðurinn kallast, drógust einnig saman í fyrsta skiptið og nam samdrátturinn 6,2%. Útgjöld í liðnum farþegaflutningar á landi drógust einnig saman nú í maí en samdrátturinn nam 6,1%.


Útgjöld til hótulgistingar jukust um 8,5% og útgjöld í veitingaþjónustu jukust um einungis 0,9% sem er



Mánaðarleg gögn, á föstu meðalgengi maí 2017. Staðvirk með VNV án húsnæðis
Heimild: Seðlabanki Íslands, RSV



% breyting m.v. verðlag hvers árs
Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar



Vöxtur að krónutölu
Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar




langminnsti vöxturinn á 12 mánaða grundvelli á tímabilinu.

Styrking krónunnar er farin að bíta


Þessi þróun þarf ekki að koma mikið á óvart. Gengisvísitala krónunnar var 19% lægri í maí en á sama tímabili í fyrra og 16% lægri að meðaltali fyrstu 5 mánuði ársins borið saman við sama tímabil í fyrra. Styrking krónu hefur ásamt innlendum kostnaðarhækkunum dregið verulega úr kaupmætti erlendra ferðamanna hér á landi á síðustu misserum. Það er því að mörgu leyti eðlilegt að erlendir ferðamenn kjósi að eyða minna í föt, tollfrjálsan varning og gjafa- og minjagripi en eyði hlutfallslega meira í matvöru og hvers kyns ferðatengda upplifun eins og tölurnar sýna. Þessi þróun er athyglisverð fyrir þær sakir að þá miklu styrkingu sem orðið hefur á krónunni á síðustu árum og misserum má að langmestu leyti rekja til mikils uppgangs í ferðaþjónustu en honum hefur fylgt mikið gjaldeyrisinnstreymi sem styrkt hefur krónuna. Afmarkaður hluti ferðaþjónustufyrirtækja er því að verða fyrir barðinu á velgengni síðustu ára.

Þessi þróun vekur eflaust nokkurn ugg í brjósti margra þeirra sem sinna ferðaþjónustu hér á landi. Rekstur flestra er gerður upp í krónum og ef maímánuður er upphafið að áframhaldandi tekjusamdrætti í krónum talið kann það að hafa töluverð áhrif á greinina. Þó ber að hafa í huga að í sumum ferðaþjónustugreinum, svo sem verslun og flutningum, er hluti kostnaðar óbeint í erlendra mynt þar sem stór hluti neysluvara og eldsneytis er innfluttur og innkaupaverð tekur því mið af þróun gengisins. Lægra innkaupaverð ætti því að veða á móti samdrætti í veltu og innlendum kostnaðarhækkunum að einhverju leyti.

Vöxtur í bílaleigu, söfnum, galleríum og dýragörðum



Breytingar á gengisvísitölu krónu





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.